

Víðtæk eignatrygging

Staðlað upplýsingarblað um váttryggingu



SKILMÁLI E-9

Upplýsingaskjal þetta tilgreinir einungis helstu atriði tryggingarinnar, s.s. hvað er innifalið og hvað ekki. **Ekki** er um að ræða tæmandi upptalningu né persónulegt yfirlit yfir tryggingar sem viðskiptavinir velja. Upplýsingaskjalið hefur ekki lagalega þýðingu og gegnir eingöngu þeim tilgangi að upplýsa viðskiptavini um helstu þætti tryggingarinnar. Tryggingayfirlit og nákvæmar upplýsingar um samningsskilmála sem gilda eru aðgengilegar á **váttryggingarskirteini** tryggingarinnar sem hægt er að nálgast á *Mínum síðum Varðar*. **Skilmálar** tryggingarinnar hafa að geyma tæmandi upplýsingar um váttryggingarverndina og eru hluti af samningi aðila ásamt váttryggingarskirteini.

Hvernig trygging er víðtæk eignatrygging?

Víðtæk eignatrygging er ætluð fyrir bæði einstaklinga og rekstraraðila sem vilja tryggja sérstakan búnað eða lausafjármuni, s.s. myndavélar, mælingartæki eða hljóðfæri fyrir óvæntum tjónum.



Hvað bætir tryggingin?

- ✓ Tjón á munum af völdum skyndilegra og óvæntra óhappa í flutningi, notkun eða geymslu.



Hvað bætir tryggingin ekki?

- ✗ Tjón sem orsakast af snöggum hita og/eða rakabreytingum.
- ✗ Tjón sem stafa af eðlilegu sliti, galla, rangri samsetningu, ónógu viðhaldi, innri bilunum svo sem vélrænum bilunum.
- ✗ Tjón sem verður er váttryggður gleymir hlut eða tynir hlut.



Eru einhverjar takmarkanir eða varúðarreglur?

- ! Váttryggðum ber að fylgja varúðarreglum Varðar.
- ! Váttryggðum ber að sýna eðlilega aðgát við vörslu hins váttryggða hlutar. Váttryggðum ber að læsa tryggilega híbýlum, bifreiðum, bátum, loftförum og öðrum sambærilegum geymslustöðum þegar þeir eru mannlausir og/eða án eftirlits og sjá til þess á allan hátt að óviðkomandi eigi ekki greiðan aðgang að hinu váttryggða.
- ! Váttryggður, heimilisfólk hans eða starfsmenn skulu fara með vörslur og umsjón hins váttryggða. Sé hið váttryggða afhent öðrum til vörslu eða umsjónar ber að fá samþykki félagsins fyrir því.



Hvar gildir tryggingin?

Tryggingin gildir hvar sem er í heiminum.



Hverjar eru skyldur þess tryggða?

- Veita allar nauðsynlegar upplýsingar, hvort sem er við endurnýjun eða breytingar á tryggingunni.
- Tilkynna Verði um allar breytingar á hinu váttryggða, svo sem ef munir eru seldir.
- Tilkynna tjón við fyrsta hentugleika og eigi síðar en innan árs frá tjónsatburði.



Hvenær og hvernig er greitt fyrir trygginguna?

Iðgjöld tryggingarinnar ber að greiða á gjalddaga. Vörður sendir kröfur mánaðarlega í heimabanka eða árlega ef óskað er eftir því að greiða iðgjöld í einu lagi. Hægt er að breyta greiðslumáta á *Mínun síðum* Varðar. Þar er einnig hægt að velja að greiða iðgjöld með kreditkort.



Hvenær hefst vátryggingaverndin og hvenær lýkur henni?

Vátryggingarsamningar gilda almennt í 12 mánuði frá samþykkt tilboðs og útgáfu tryggingar og miðast iðgjöld við ársiðgjald. Sé tryggingu ekki sagt upp á því tímabili framlengist hún sjálfkrafa.



Hvernig er tryggingunni sagt upp?

Hægt er að segja tryggingunni upp hvenær sem er á vátryggingartímabilinu.